



106. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í stofu íslenskra fræða mánudaginn 4. mars 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Eydís Indriðadóttir, Eydís Lilja Einarsdóttir fulltrúi nemenda, Freyja Rós Haraldsdóttir fulltrúi kennara, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Ágúst Friðriksson fulltrúi foreldra, Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð. Gunnar Þorgeirsson, Bragi Bjarnason Jóhannes Sveinbjörnsson og Daði Geir Samúelsson voru á Teams. Sérstakur fundargestur: Ragnheiður Bjarnadóttir, fjármálastjóri ML.

Dagskrá:

1. Leiga á Heimavist / Mötuneyti og þvottahús
2. Tölfræði – gæði náms í ML
3. Línur og valáfangar
4. Önnur mál

Gunnar setur fundinn.

1. Leiga á Heimavist / Mötuneyti og þvottahús

Ragnheiður Bjarnadóttir fjármálastjóri ML fer yfir leigu á heimavist. Fer yfir tillögu að hækkunum á leigu á heimavistum vegna skólaársins 2024-2025, 8 % hækkun var samþykkt. Ragnheiður fer síðan yfir tillögu að hækkun á gjaldi í mötuneyti og þvottahúsi fyrir haustönn 2024, 2,5 % hækkun var samþykkt.

2. Tölfræði – gæði náms í ML

Freyja Rós Haraldsdóttir tekur til máls og fer yfir með nefndarmönnum ýmsa tölfræði sem safnað og unnið er með í tengslum við starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni. Sýnir okkur power point sýningu, fer yfir könnun sem er send á útskrifaða nemendur, fer yfir áfangamat vor og haust 2022 og vor og haust 2023, fjallar um niðurstöður framhaldskólapúlansins sem var lagður fyrir síðasta haust, 2023. Freyja Rós kynnir fyrir skólanefndarfólki innra mat á námi og kennslu í vetur en áhersla verður lögð á það á vorönninni að kennarar sníði sjálfir sínar kannanir og kalli



Þannig eftir endurgjöf frá nemendum. Eins sagði hún frá starfendarannsóknarfundum 2023-2024, en kennarar ML sitja mánaðarlega starfendarannsóknarfundi þar sem unnið er að markvissri starfsþróun kennarahópsins. Í lok fer hún yfir fræðsluerindi sem nemendur og starfsfólk sótti skólaárið 2023 – 2024.

3. Línur og valáfangar

Jóna Katrín og Áslaug Harðardóttir taka til máls. Byrjuðum í vetur að bjóða nemendum á körfuboltaæfingar með UMFL og nemendur fá einingar fyrir, æfingarnar og utanumhaldið gengur vonum framar. Næsta haust verður einnig í boði blak með sama fyrirkomulagi og þá í áframhaldandi samvinnu við UMFL.

Heilsuræktarlína, íþróttalína og listalína verður í boði fyrir þá sem vilja, frá og með næsta skólaári. Menntaskólinn að Laugarvatni verður með opið hús 13. mars og verður þetta kynningarefni tilbúið fyrir þennan dag og verður komið á heimasíðu skólans. Opna húsið er ætlað nemendum í 10. bekk sem vilja koma á Laugarvatn til að skoða skólann og kynna sér starfsemi hans en innritun í framhaldsskóla hefst um miðjan mars.

4. Önnur mál

Umræða um orðræðu kennara á samfélagsmiðlum.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.